

Alþingi
Erindi nr. P 132/1802
komudagur 25.4.2006

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Gunnarsholti 24. apríl 2006

Umsögn um frumvarp til laga um skráningu losunar gróðurhúsalofttegunda, 713. mál

Undirrituð þakkar fyrir hönd Landgræðslu ríkisins að fá tækifæri til að veita umsögn um ofangreint frumvarp.

Landgræðslan fagnar framkomnu frumvarpi er varðar skráningu á losun gróðurhúsalofttegunda. Mikilvægt er að hafa þessi mál í skýrum farvegi og að því miðar frumvarpið.

Varðandi heiti frumvarpsins, þá væri æskilegt að það nái einnig til bindingar á kolefni, ekki síst þar eð sá þáttur á eftir að verða veigamikill í stefnumörkun stjórnvalda. Lagt er til að heiti frumvarpsins verði breytt í t.d. Skráning á losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis (og etv bæta við: í gróðri og jarðvegi)

Landbúnaður getur gegnt mikilvægu hlutverki í framkvæmd Íslands á samningum og Kyotobókuninni bæði með því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda svo og vegna þeirra möguleika sem felast í bindingu í gróðri og jarðvegi með landgræðslu, skógrækt og landnýtingu.

Varðandi lið iii á bls 5 vill Landgræðsla ríkisins vekja athygli á því að til að unnt sé að telja fram kolefnisbindingu Íslandi til tekna gagnvart Kyoto-bókuninni þá þarf að efla mjög rannsóknastarf á þessu sviði, ekki síst hve mikil kolefnisbinding fylgir landgræðsluverkefnum við mismunandi aðstæður.

Nefnd á vegum Landbúnaðarráðuneytisins hefur tekið saman skýrslu varðandi fjárförf nauðsynlegra aðgerða til að mæta skuldbindingum Ísland gagnvart landnýtingarþætti í rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun andrúmsloftsins og Kyotobókunarinnar við þann samning. Skýrslan nefnist: "Kolefnisbinding og landnýting - Skuldbindingar Íslands gagnvart landnýtingarþætti í rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun andrúmsloftsins og Kyotobókunarinnar við þann samning" og var gefin út í maí 2005. Misræmi er milli þeirra kostnaðaráætlana og nauðsynlegra aðgerða og þeirra sem talin eru fram í athugasemdum með frumvarpinu.

Virðingarfyllst,
f. h. Landgræðslu ríkisins

Anna María Agústs dóttir
Anna María Agústs dóttir

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

Gunnarsholti - Rangárvöllum - 851 Hella
Sími: 488 3000 - Fax: 488 3010
www.land.is - Netf.: lgr@land.is

SOIL CONSERVATION SERVICE

Gunnarsholt - 851 Hella - Iceland
Tel.: +354 488 3000 - Telefax: +354 488 3010
www.land.is - E-mail: lgr@land.is